

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 114 3. nóv. 1961.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt 1. lið A, 2., 3., 4., 5., 6. og 7. lið A gjaldskrárinnar hækki um 200%.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast gildi nú þegar.

Gjaldskrárbreyting þessi er sett samkv. heimild í lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnar Vagnsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 180 31. október 1962,
um Verðlagsráð sjávarútvegsins.**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skal formaður og varaformaður vera annað árið valinn úr hópi fiskisöluaðila en hitt árið úr hópi fiskkaupenda, og þá ritari og vararitari úr hópi hinna aðilanna Fulltrúar Landssambands íslenzkra útvegsmanna og fulltrúar samtaka sjómanna skulu skiptast á um að hafa formann og varaformann og ritara og vararitara.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 97 18. desember 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 31. marz 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.